

5. Morgunblaðið, 26. júlí 1945.
Ritdómur um Austantórur
eftir Gils Guðmundsson.
-

Margrútl 26. júlí 1946

„Austantóru“

UM nokkurt skeið hefir það verið á margra manna vitorði, að Jón Pálsson, fyrrverandi bankagjaldkeri, á í fórum sínum stórar syrpur alþýðlegra fræða, er hann hefir skrásett af mikilli elju og natni. Jón er Árnesingur að uppruna, fæddur á Syðra-Seli í Stokkseyrarhreppi 3. ágúst 1865. Skortir hann því fáa mánuði á áttrætt. Jón hefir látið margvísleg mál-efni til sín taka um dagana. — Alt frá unga aldri beitti hann sjer fyrir ýmsum þeim nýjungum, sem til framfara horfði í hjeraði. Stofnaði hann til kenslu fyrir sjómenn þar eystra, og hjelt henni uppi um tólf ára skeið. Mikill áhugamaður hefir hann alla stund verið um tónlist, svo sem Ísólfr Pálsson, bróðir hans, og þeir frændur fleiri. Eftir að Jón fluttist til Reykjavíkur, gerðist hann forgöngumaður ýmissa fjelagslegra umbóta, og ljet fjölda mála til sín taka, þótt hjer verði þau ekki talin. En þrátt fyrir fjölmörg störf og mikinn erill, hefir honum gefist tími til að skrásetja kynstrin öll af margvíslegum fræðum. Lýsir Guðni magister Jónsson syrpum Jóns Pálssonar á þessa leið:

„Handrit hans eru nú orðin geysimikil að vöxtum og um harla sundurleit efni. En magn þeirra og megin eru þó hin þjóðlegu fræði. Þar sitja í fyrirrúmi þættir af merkum eða einkenni legum mönnum, frásagnir af ýmsum sögulegum atburðum, vinnubrögðum til sjávar og sveita, ýmiss konar þjóðháttum og þjóðtrú og alþýðlegum reynsluvísindum. Þar er og all margt þjóðsagna, sem eigi eru til annarsstaðar. Skrítlur af ýmsu tagi skipta þúsundum“.

Jón hefir fram að þessu legið á fróðleik sínum eins og ormur á gulli, stöku sínum lesið pistla á kemmtisamkomum, en þvert á þá umræður um útgáfu þess. Nú hefir hann loks látið til leiðast, að koma einhverjum hluta fræða sinna

fyrir sjónir almennings, þó með því skilyrði, að Guðni Jónsson magister búi þau undir prentun, svo sem honum best líkar. Hefir Guðni tekið að sjer þann starfa, og er nú fyrsta heftið út komið. Er það 160 bls. að stærð, myndarlegt að frágangi, og ber nafnið „Austantóru“. Mun svo til ætlast, að út komi eitt hefti árlega. Útgefandi er Víkingsrútgófan.

Þetta fyrsta hefti rita Jóns Pálssonar, hefir að geyma þrjá læsilega ævisögubætti. — Þar má lesa um fullhugann og rösk leikamanninn Brand á Roðgúl, er var smiður góður og sjósóknari. Bætur Guðni Jónsson við þáttinn allmiklum fróðleik um ætt Brands og niðja hans. Þá er frásögn af Kolbeini Jónssyni í Ranakoti, Þingeyingnum, sem fluttist suður í Árnessýslu, varð faðir Jóns og Hafliða Kambráns manna, og Þorleifs ríka á Stóru Háeyri. Þriðji ævisögubátturinn fjallar um Þorleif ríka Kolbeinsson. Hefa þeir Árni Pálsson og Guðni Jónsson bætt ýmsu við frásögu Jóns Pálssonar, og fæst góð heildarmynd af Þorleifi þegar öll þau gögn koma saman. Verður úr því mjög sjerstæð mannlýsing, enda var Þorleifur enginn hvers dagssnápur. Ólst hann upp við mjög kröpp kjör. Voru foreldrar hans bláfátækir, bösluðust áfram með stóran barnahóp og áttu oft hvorki til hnífs nje skeiðar. Strax og Þorleifur komst á legg, hóf hann sig úr örbirgð og umkomuleysi. Eru kynlegar sögur um fjáraflanir hans í bók þessari, en hann varð einhver auðugasti maður landsins um það er lauk. Komu til skipta eftir Þorleif 50 jarðir og jarðapartar, auk peninga, skuldabryjfa og ýmislegs lausa fjár. Í þætti Þorleifs birtast margar sögur er sýna gáfur hans merkilegar, en aðrar bregða ljósi á kaupmannslund hans, lausa við miskunn alla og mildi. Greind og gjörhygli þessa

Framh. á bls. 8.

— „Austantórirur“ —

Framh. af bls. 5.
sjerstæða manns, kemur glögt fram í gjafabréfi því hinu merkilega, sem hann samdi, er hann gaf hálfa jörðina Hærings staði ásamt hjálægum til efling ar búnaðarframförum í Stokks-eyrarhreppi.

Síðari hluti bókar Jóns Pálssonar hefir inni að halda langa ritgerð og ýtarlega, sem hann nefnir: Veðurmerkí og veðurspár í Árnessýslu. Þar er sam- an dreginn mjög mikill fróðleik- ur um alt það, er hinir gömlu veðurspámenn á undirlendi Suðurlands, höfðu sjer til glöggvunar á veðurfari. Að vísu hafa spádómar þessara karla ekki verið reistir á sömu forsendum og nú er gert í veð- urstofum og veðurathugana- stöðvum. Sumt tákna þeirra og veðurmerkja, sem hjer er frá sagt, þykir nú eflaust mörg- um fáránlegt og skylt við hind- urvitni. En alt um það geyma- slíkir hlutir ýmsar menjar þjóð- trúar og aldaranda, sem vel fer á að varðveitist frá algerri gleymsku. Og hvað sem um þetta er, þá má eflaust kalla margt hinna gömlu veður- merkja „alþýðleg reynsluvís- indi“, sem næm athyglisgáfa og náttúruhugur hafa hjálpað til að uppgötva, og eiga ef til vill margra alda sögu. Það var ekki fátt, sem kom til greina, þegar spá skyldi um veðurfarið. Ský himins, lögun þeirra og litur, bakkar, blikur og klósigar, af- staða skýjanna til fjalla, vind- ar, sjólag, brimhljóð og boða- skellir, straumar og sjávarföll, hátterni fugla, spendýra og fiska, frostrósir og hrím, móða á gluggum, froða sjávar, blóm og jurtir, gæfustrókar og hljóð goshvera, reykjarlopar úr eld- hússtrompum, fossaniðir, ólga í skýrsáum, uppbelgdir ósar, lækir og dý, heilsufar manna og andleg líðan, — þetta er að- eins nokkur hluti þeirra fjöl- mörgu veðurtákna, sem mark var á tekið.

Þessi yfirgripsmikla og ná- kvæma ritgerð Jóns Pálssonar sýnir það, hversu glöggskygnir menn hafa verið á hin ótelj- andi blæbrigði náttúrunnar. Þeir álpuðust ekki áfram star- blindir, þessir gömlu greppar, án þess að líta í kring um sig. Hinir særoknu formenn og sól-

bitnu bændur, sem dag hvern rannsökuðu með stakri ná- kvæmni hauður, loft og haf, voru „náttúruskoðrar“ með sjerstökum hætti. Jón Pálsson kann vel stafrof þessara fræða. Hann tekur lesandann undir hönd sjer og sýnir honum inn í furðu einkennilegan og auð- ugan heim, þar sem alt iðar og kvikar af lífi og tilbreytni. Nátt úran öll, jafnt lifandi og dauð, fær dulúðugan og sjerstæðan blæ. Baráttan við höfuðskepn- urnar, þráin eftir að skilja hátt- erni þeirra og dutlunga, birtist í öllum þessum spádómum með kynlegum hætti.

Hver sá, sem les yfir kafl- ann um veðurfræðina í „Aust- antórum“, mun veita því at- hygli, að þar kemur fyrir mikið af orðum og orðatiltækjum, sem naumast hafa áður verið bókfest. Mun Jón eiga mikið safn fágætra orða úr alþýðu- máli, sem ekki finnast í orða- bók Sigfúsar Blöndals. Málfar Jóns er gott, frásögnin hispurs- laus. Eftir upphafinu að dæma, má vænta hins besta af safni þessu.

Gils Guðmundsson.